



HAFNARFJÖRÐUR

Hafnarfjarðarbær
Innk: 30/11/16
Málsnr: 1611444
Eréfál: 521.1

Hafnarfirði 30.11.2016

Umsókn um eigin úttektir byggingarstjóra.

Á við um byggingarleyfi nr. 1608544

Vegna framkvæmda við Einnelli 3.

Undirritaður óskar eftir leyfi byggingarfulltrúa til að annast neðangreindar áfangaúttektir samkvæmt 3.7.4 gr. byggingarreglugerðar.

3.7.4. gr.

Eigin úttektir byggingarstjóra.

Leggi eigandi mannvirkis fram skriflega greinargerð um innra eftirlit byggingarstjóra getur leyfisveitandi heimilað byggingarstjóra að gera sjálfur einstakar áfangaúttektir. Skilyrði er að byggingarstjórnin hafi gæðakerfi sem uppfyllir kröfur reglugerðar þessarar.

Áður en leyfi skv. 1. mgr. er veitt skal liggja fyrir verkáætlun af hálfu byggingarstjóra og skriflegt samkomulag milli byggingarstjóra og leyfisveitanda um framkvæmd úttektanna. Í samkomulaginu skal koma fram hvenær, hve oft og hvernig byggingarstjóra ber að tilkynna leyfisveitanda um að tilskilin úttekt hafi farið fram. Jafnframt skal þar vera ákvæði um að leyfisveitanda sé tilkynnt um verklok þess verkþátar sem heimildin tekur til svo og að byggingarstjóra beri að tilkynna um tafir á framkvæmd eða ef vinnu við framkvæmdina er hætt tímabundið.

Gögn um eigin úttektir byggingarstjóra skulu varðveitt á byggingarstað þannig að leyfisveitandi geti haft eftirlit með því að allar úttektir hafi farið fram.


Starfi byggingarstjóra ekki í samræmi við samkomulag hans við leyfisveitanda um eigin úttektir er leyfisveitanda heimilt að rifta því án frekari viðvarana.

3.7.5. gr.

Áfangaúttektir.

Áfangaúttektar skal óskað við eftirlitsaðila með minnst sólarhrings fyrirvara. Eftirtaldir verkþættir mannvirkjagerðar skulu teknir út með áfangaúttektum:

- Jarðvegsgrunnur, áður en byrjað er á mótaupplætti eða fyllingu í slíkan grunn, þ.m.t. plötupróf.
- Uppsláttur og bending undirstöðuveggja.
- Lagnir í grunn, þ.m.t. rör fyrir heimtaugar rafmagns- og fjarskiptakerfa áður en þær eru huldar.
- Frágangur raka- og vindvarnarlaga.
- Grunnur, áður en botnplata er steipt.
- Uppsláttur og bending allra steyptra byggingarluta.
- Uppbygging veggjagrinda burðarveggja, afstíffing þeirra og festingar áður en klætt er.
- Uppbygging léttra gólfa og festingar þeirra áður en klætt er.
- Uppbygging þaka, loftun, afstíffing þeirra og festingar áður en klætt er.
- Frágangur klæðningar þaka, bæði úr timbri og öðrum efnum, þ.m.t. festingar, negling þakjárns og annar tilsvarandi frágangur.
- Frágangur ystu klæðningar veggja, þ.m.t. festingar og loftun.
- Uppbygging og frágangur eldvarnarveggja.
- Uppbygging og frágangur niðurlengdra lofta og frágangur vegna eldvarna.
- Frágangur, gerð og þykkt varmaeinangrunar.
- Frágangur vegna hljóðeinangrunar.
- Neysluvatns-, hitavatns-, hita-, gas-, gufu-, þrýsti- og kælikerfi ásamt einangrun þeirra, þrýstiprófun



HAFNARFJÖRÐUR

Hafnarfjarðarbær
Innk: _____
Málsnr: _____
Préfal: _____

- og frágangur vegna eldvarna.
- Frárennslislagir innanhúss ásamt eldvörnum og hljóðeinangrun þeirra.
- Frárennslis-, regnvatns- og þerrikerfi utanhúss.
- Stokkalagnir og íhlutar þeirra fyrir loftræsi- og lofthitunarkerfi ásamt varma- og eldvarnareinangrun
- og allur tilheyrandi frágangur vegna eldvarna og hljóðeinangrunar.
- Tæki og búnaður loftræsi- og lofthitunarkerfa.
- Þættir er varða eldvarnir sem verða huldur þannig að úttekt þeirra sé ekki framkvæmanleg við

Karl Birgisson

Byggingarstjóri

M. Þingmanns ehf.
Guðlaug

Lóðarhafi

- Fylgiskjal: Staðfesting á samþykktu gæðakerfi byggingarstjóra.